

154. löggjafarþing 2023–2024.

Þingskjal 53 — 53. mál.

Tillaga til þingsályktunar um miðstöð íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum.

Félag þjóðfræðinga á Íslandi fagnar tillögu um stofnun miðstöðvar íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum. Um er að ræða starfsemi á sviði þjóðfræðirannsókna sem mikilvægt er að gefa nánari gaum og efla. Rannsóknir á sviði þjóðfræði styrkja þekkingargrunn fyrir stöðu samfélaga á Íslandi, auka þekkingu á sköpun sjálfsmynda einstaklinga og hópa og vitund um hefðir þeirra, siði og gildi. Slík þekking styrkir sjálfskilning og lífsgæði samfélaga og einstaklinga. Á sviði þjóðfræði liggja mikil tækifæri til rannsókna innan lands sem og til erlends samstarfs. Rannsóknir á sviði þjóðfræði geta stutt við ímyndarsköpun Íslands, verið ferðaþjónustuaðilum mikilvægur þekkingarbrunnur í starfi sínu, og stuðlað að nýsköpun tengdri þjóðfræðiefni sem mikill áhugi hefur verið á bæði innanlands og utan. Ljóst er að það liggur styrkur í því fyrir Félag þjóðfræðinga á Íslandi að eignast svo öflugan samstarfsaðila á landsbyggðinni líkt og miðstöð íslenskrar þjóðtrúar yrði. Styrkleiki liggur í staðsetningu miðstöðvarinnar, mikilvægt er að efla rannsóknir á háskólastigi á landsbyggðinni og auka þar með möguleika fólks með tilheyrandi menntun að setjast að utan höfuðborgarsvæðisins. Miðstöð þjóðtrúar yrði til að styrkja þjóðfræðirannsóknir um allt land, stuðla að atvinnuþróun og auka möguleika fólks með þjóðfræðimenntun að stunda rannsóknir óháð búsetu.

Fyrir hönd stjórnar Félags þjóðfræðinga á Íslandi

Anna Karen Unnsteins, formaður

Reykjavík, 13. nóvember 2023

Til Alþingis

Efni: Tillaga til þingsályktunar um miðstöð íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum, mál 53.

Félagsfræði-, mannfæði og þjóðfræðideild Háskóla Íslands tekur undir tillögu til þingsályktunar um að stofnuð verði miðstöð íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum. Slíkt verkefni væri þjóðfræðirannsóknnum hér á landi til framdráttar og hefði án vafa jákvæð áhrif á rannsóknir og samstarf, innan lands og utan. Þjóðtrú er mikilvægt rannsóknarsvið innan þjóðfræðinnar, hvort heldur sem horft er til samtímarannsókna eða viðhorfa og hugmyndaheims fólks í fortíðinni.

Stutt er við hugmyndina um staðsetningu starfseminnar, en eðlilegt væri að miðstöðin myndi starfa í nánnum tengslum við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofu eða vera hluti af þeirri starfsemi. Þar er þekking og reynsla fyrir hendi og jafnframt mikilvægt tengslanet. Þjóðfræðingarnir sem starfa við setrið hafa unnið að ýmsum þjóðtrúarrannsóknum og eru duglegir við að miðla niðurstöðum sínum með fjölbreyttum hætti. Þar má bæði nefna sýningahald og greinaskrif, en að auki eru þjóðfræðingar á Ströndum metnaðarfullir hvað varðar þátttöku í margvíslegum málþingum og ráðstefnum á þessu sviði.

Hvað rannsóknir varðar má nefna yfirstandandi þriggja ára rannsóknarverkefni um landslag og örnefni, sagnir og þjóðtrú á norðanverðum Ströndum, sem fengið hefur þriggja ára stuðning úr þýska rannsóknarsjóðnum og unnið er í samvinnu við dr. Matthias Egeler hjá Ludwig-Maximilian háskólanum í München.

Mælt er með að þingsályktunartillagan verði samþykkt, enda væri það heillaspor fyrir þjóðfræðirannsóknir í landinu.

Virðingarfyllst,



Dr Ólafur Rastrick, prófessor

Deildarforseti Félagsfræði-, mannfæði- og þjóðfræðideildar Háskóla Íslands

Reykjavík, 13. nóvember 2023

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um Miðstöð íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum

Námsbraut í þjóðfræði og safnafræði við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands sendir hér eftirfarandi umsögn um þingsályktunartillögu um stofnun miðstöðvar um íslenska þjóðtrú á Ströndum:

Námsbraut í þjóðfræði og safnafræði tekur undir tillögu um þjóðtrúarmiðstöðina og staðsetningu hennar. Mikill fjöldi fyrirspurna berst kennurum í þjóðfræði við Háskóla Íslands erlendis frá varðandi þjóðtrú, hefðir og siði Íslendinga. Koma þær ýmist frá nemendum í þessum fræðum, fjölmiðlafólki, starfandi fræðimönnum, listamönnum eða kvikmyndagerðarfólki. Það væri mikill ávinningur ef hægt væri að tryggja að allt þetta fólk fengi viðunandi svör við bréfum sínum með gagnreyndri þekkingu úr ranni þjóðfræðinnar, sem og ábendingar um trausta tengiliði sem hafa ætti samband við hverju sinni. Ætla má að Miðstöð íslenskrar þjóðtrúar myndi taka sér slíkt hlutverk. Það er til mikils að vinna á sviði þjóðtrúarrannsókna og miðlunar, en ekki síður eru miklir möguleikar fylgnir í frekari samþættingu fræða, lista, kvikmyndagerðar, safnastarfs og ferðaþjónustu í þágu skapandi greina.

Á Ströndum er starfandi öflugur hópur þjóðfræðinga á Hólmavík hjá Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofu. Rannsóknasetrið hefur haft íslenska þjóðtrú að einu af meginviðfangsefnum sínum um nokkurra ára skeið og unnið að fjölmörgum verkefnum sem tengjast rannsóknum og miðlun á þessu sviði. Þar er því mannauður til að styðja við slíka miðstöð og ástæða er til að benda á að líklega væri best að hún væri starfrækt innan vébanda Rannsóknaseturs Háskóla Íslands þannig að tengslanet þeirra og þekking nýtist sem best í þágu verkefnisins.

Með vinsemd og virðingu,



Kristinn Schram, dósent í þjóðfræði og formaður námsbrautar í þjóðfræði og safnafræði
f.h. námsbrautar í þjóðfræði og safnafræði við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands



Hólmavík 13. nóvember 2023

Nefndasvið Alþingis

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu, mál 53: Miðstöð íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum

Rannsóknarsetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa fagnar framkominni tillögu um miðstöð íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum og hvetur til að hún verði að veruleika. Slík starfsemi væri ekki eingöngu mikilvæg fyrir Strandir, heldur einnig fyrir rannsóknir og miðlun á sviði þjóðfræði á landsvísu, eins við nýtingu menningararfsins í þágu lista og skapandi greina og við almenna kynningu lands og þjóðar.

Íslensk þjóðtrú er mikilvægur hluti af menningararfi þjóðarinnar og vissulega er ástæða til að hlúa að henni, hagnýta og miðla með fjölbreyttum hætti. Vel má hugsa sér að Miðstöð íslenskrar þjóðtrúar standi fyrir könnunum um viðhorf fólks og safni og kortleggi efni sem tengist þjóðtrú og sögnum á landsvísu í samvinnu við þjóðmenningarstofnanir.

Áhrif á Ströndum – mikilvæg uppbygging í brothættri byggð

Atvinnulíf og byggð á Hólmavík og Ströndum hefur átt í vök að verjast síðustu ár og bæði Árneshreppur og Strandabyggð eru nú í þeim hópi sveitarfélaga sem falla undir verkefni Byggðastofnunar um Brothætta byggð. Atvinnulíf á Hólmavík varð fyrir miklu höggi í vor þegar rækjuverksmiðju Hólmandrangs var lokað, en þar misstu yfir 20 starfsmenn vinnu á einu bretti. Sauðfjárbúskapur sem er einkenni á atvinnulífi í sveitunum á mjög í vök að verjast, en uppbygging hefur verið í ferðaðþjónustu og fræðastarfsemi sem Miðstöð íslenskrar þjóðtrúar myndi styrkja og falla vel að.

Á Ströndum eru starfandi menningarstofnanir sem eru framarlega á landsvísu við uppbyggingu menningartengdrar ferðaðþjónustu, Strandagaldur sem rekur Galdrasýningu á Ströndum og Sauðfjársetur á Ströndum sem er menningarmiðstöð og safn. Báðar þessar stofnanir tvínna saman fræði og ferðaðþjónustu og eiga í góðu samstarfi við listafólk, fjölmiðla- og fræðifólk. Fyrir sjö árum bættist Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofa í hópinn og byggði að nokkru leyti á Þjóðfræðistofu Strandagaldurs sem starfandi var frá 2008-2014. Þessar stofnanir hafa skapað störf og verkefni bæði í ferðaðþjónustu og fræðum og haft mikil jákvæð áhrif á mannlíf og menningu.



Reynsla og þekking fyrir hendi

Óvenju hátt hlutfall þjóðfræðinga starfar á Ströndum, miðað við íbúafjölda, og þar eru líka óvenju mörg störf á þessu sviði. Rannsóknarsetur HÍ hefur þar mest áhrif og eitt af þremur stærstu viðfangs- og áhersluverkefnum þess er íslensk þjóðtrú. Starfsfólk setursins hefur unnið að mörgum verkefnum á þessu sviði, miðlun og rannsóknum, eins og sjá má á yfirliti um miðlun fræðanna á árabílinu 2016-2022:

https://www.hi.is/stofnun_rannsoknasetra/midlun_rannsokna_og_thekkingar

Þannig er þekking og reynsla á þessu sviði fyrir hendi og ný Miðstöð íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum væri því á réttum stað, hvort heldur sem er þegar litið er til þess mannaúds sem er nú þegar starfandi á svæðinu eða þess stuðnings sem hún fengi frá öðrum stofnunum á svæðinu. Samlegðaráhrif væru mest ef miðstöðin myndi starfa innan vébanda Rannsóknaseturs HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofu og sérstakur starfmaður ráðinn til að sinna þessu verkefni.

Rannsóknir og miðlun

Margvísleg verkefni á sviði rannsókna og miðlunar sem tengjast íslenskri þjóðtrú eru í gangi, enda er þetta rannsóknarsvið eitt af helstu viðfangsefnum þjóðfræðinnar, bæði hér á landi og erlendis. Með sérstökum starfsmanni á þessu sviði myndu einnig skapast tækifæri til að efla samstarf við fræðifólk innanlands og utan og hægt væri að magna upp starf Miðstöðvar íslenskrar þjóðtrúar með þátttöku í alþjóðlegum verkefnum og styrkjasókn í rannsóknasjóði innan lands og utan og tímabundnum ráðningum fræðifólks til þeirra verkefna sem fengju framlög úr rannsókna- og verkefnasjóðum.

Rannsóknasetur HÍ á Ströndum hefur nokkra reynslu af alþjóðlegu samstarfi, m.a. er nú unnið að verkefni um staðanöfn, landslag og þjóðtrú í samvinnu við þýskan háskóla með þriggja ára stuðning úr þýska rannsóknasjóðnum fyrir þýskan doktor og doktorsnema. Eins er framundan alþjóðleg ráðstefna vinnuhóps á vegum Evrópusamtaka þjóðfræðinga (SIEF) á Hólmavík í sumar, um kynjafræði og þjóðsagnafræði.

Tengsl við ferðaþjónustu og skapandi greinar

Rannsóknasetrið hefur einnig tekið þátt í fjölda samstarfsverkefna innanlands síðustu ár. Þessi verkefni snúast meðal annars um sýningahald, útgáfu og viðburði sem tengjast þjóðtrúnni, og tengslanetið er orðið býsna öflugt. Þetta á bæði við um samstarf við safnageirann, listafólk, kvikmyndagerðarfólk, fjölmiðlamenn og fræðinga á ólíkum sviðum. Þverfagleg nálgun er í hávegum höfð og skapar ýmsa möguleika.



Ferðaþjónustan gæti hæglega haft hag af samstarfi við Miðstöð íslenskrar þjóðtrúar, m.a. með leiðsögn og stafrænni miðlun á söguslóðum, og sama gildir um þá sem sinna listsköpun, tölvuleikjagerð, kvikmyndagerð og fleiri skapandi störfum. Þannig er hægt að nýta þennan menningararf við nýsköpun og miðlun með fjölbreyttum hætti, bæði þá þjóðtrú sem finna má í þjóðsagnasöfnum og í samtímanum.

Samantekt

Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa lýsir sig reiðubúið til samstarfs um þetta verkefni, ef af því verður, hvaða fyrirkomulag sem ákveðið verður að hafa. Miðstöð íslenskrar þjóðtrúar er verkefni sem getur haft margvísleg margfeldisáhrif í fræðum og ferðaþjónustu, jafnt sem listsköpun og skapandi greinum. Það væri vel til fundið að hún starfaði á Ströndum, það myndi efla atvinnulíf og mannlíf í héraðinu og hafa jákvæð áhrif á menntunarstigið, ímynd svæðisins og sjálfsmynd íbúanna. Alþingi er hvatt til að láta þessa hugmynd verða að veruleika.

F.h. Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofu,

Jón Jónsson, þjóðfræðingur og verkefnastjóri

Þingsályktunartillaga - umsögn

Fyrir hönd sjálfseignarstofnunarinnar Sauðfjárseturs á Ströndum sendi ég hér með eftirfarandi umsögn um tillögu um stofnun miðstöðvar um íslensku þjóðtrú á Ströndum:

Tekið er af heilum hug undir hugmyndir um tillöguna, enda telja aðstandendur Sauðfjársetursins, sem er viðurkennt safn og menningarmiðstöð í héraðinu, að um heillaskref væri að ræða fyrir svæðið sem á í vök að verjast hvað varðar atvinnumál og byggðapróun. Hér skiptir máli að á Ströndum hefur síðustu áratugi verið unnin mikil grunnvinna í tengslum við íslensku þjóðtrú og Sauðfjársetrið hefur tekið þátt í ýmsum samstarfsverkefnum á því sviði, einkum með starfsfólki Rannsóknaseturs HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofu sem starfar á Hólmavík og einnig með Strandagaldri sem heldur úti Galdrasýningunni á Hólmavík.

Þar er meðal annars um að ræða uppsetningu sérsýninga, t.d. um álagabletti sem var uppi í átta ár og var gefin út bók um sama efni í samstarfi þessara aðila þegar sýningin var tekin niður. Höfundar þeirra bókar voru þjóðfræðingarnir og Strandafólkið dr. Dagrún Ósk Jónsdóttir og Jón Jónsson á Kirkjubóli. Tvær aðrar bækur hafa verið gefnar út í samvinnu Rannsóknasetursins og Sauðfjársetursins.

Þjóðtrúin hefur svo sannarlega verið nálæg í fleiri sýningum sem settar hafa verið upp á safninu, bæði fastasýningar safnsins um sauðfé í sögu þjóðarinnar og sýningar um heimsóknir hvítabjarna til Vestfjarða (sem er einnig samstarfsverkefni með öðrum viðurkenndum söfnum á Vestfjörðum) og sýningar um förufólk og flakkara sem fjallar um efnið á landsvísu. Þessar sýningar vekja mikla eftirtekt og áhuga bæði heimamanna og ferðafólks, innlands og erlends, og þeim hafa tengst sögustundir, kvöldvökur og viðburðahald.

Þannig hafa verið haldnar árlegar þjóðtrúarkvöldvökur allt frá árinu 2013 og margvísleg þjóðtrúarefni tekin þar fyrir. Yfirgripsmikil þekking á efninu er þannig fyrir hendi á svæðinu og hér býr rétta fólkið til að veita slíkri miðstöð stuðning. Þeirri hugmynd að stofna miðstöð þjóðtrúar á svæðinu er því tekið fagnandi og vonast til að af henni verði.

Sævangi á Ströndum 13. nóv. 2023.

F.h. Sauðfjárseturs á Ströndum ses,

Ester Sigfúsdóttir forstöðumaður



Allshejar- og menntamálanefnd Alþingis sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Umsögn um 53. mál á 154. löggjafarþingi, Miðstöð íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum.

Hólmavík, 13.11.2023


Stofnun og rekstur Miðstöðvar íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum er bæði jákvætt og rökrétt skrefi fyrir Strandir og Ísland allt.

Miðstöðin byggir á því eftirtektarverða starfi sem unnið er á Ströndum í dag og hagnýtir söguarf þjóðtrúarinnar menningar- og atvinnulífi til góða. Þekkingin er þegar til staðar í samfélaginu og miklir möguleikar á samvinnu og klasamyndun. Ávinningur Stranda er því augljós.

Þjóðtrúin er stór þáttur í menningartengdri ferðapjónustu á Íslandi, og áhugi einstaklinga og fjölmiðla gífurlegur. Embætti eins og „umboðsmaður íslenska álfisins“ myndi vera mikils virði í fjölmiðlaumfjöllun og afleiddum verkefnum sem byggja á þessum arfi. Ávinningur íslenska ríkisins er því einnig augljós.

Ég hvet nefndarmenn til að veita þessu málefni liðsinni sitt og hraða meðferð málsins eins og auðið er.

Virðingarfyllt



Sigurður Lincal Þórisson

Verkefnisstjóri Sterkra Stranda



154. löggjafarþing 2023-2024.
Þingskjal 53 — 53. mál.

Reykjavík, 13. nóvember 2023

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um miðstöð íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum.

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands fagnar tillögu um stofnun Miðstöðvar íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum. Með Miðstöð íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum væri hægt að efla þjóðfræðirannsóknir og miðlun á landsvísu. Heimilisfesti þjóðfræðinnar á Ströndum yrði enn eflað en hvergi er hægt að finna fleiri þjóðfræðinga á landinu, í það minnsta miðað við höfðatölu. Á það sér langa sögu og er afraksturinn að finna m.a. í Galdrasýningunni á Ströndum, Þjóðfræðistofu Strandagaldurs sem síðan var að Rannsóknasetri HÍ á Ströndum, og Sauðfjársetri á Ströndum svo dæmi séu nefnd.

Markmið Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands að stuðla að rannsóknum og leiðbeiningu framhaldsnema víða um land og vera um leið vettvangur samstarfsverkefna háskólans við nærumhverfi og nærsamfélag setranna. Með þeim hætti leggja rannsóknasetrin sitt af mörkum við að efla tengsl Háskóla Íslands við atvinnulíf og samfélag. Rannsóknaviðfangsefni setranna eru afar fjölbreytt en á meðal þeirra eru lífríki hafsins, umhverfi og landnýting, hvalir, fiskar og fuglar, ferðamál, bókmenntir, sagnfræði, fornleifafræði, jarðfræði og þjóðfræði. Ellefu rannsóknasetur eru starfrækt um landið.

Rannsóknasetur HÍ á Ströndum var stofnað í september 2016 og er til húsa í Þróunarsetrinu á Hólmavík. Rannsóknasetrið byggir að hluta á grunni Þjóðfræðistofu Strandagaldurs. Rannsóknir í þjóðfræði eru í öndvegi hjá setrinu og sérstök áhersla á miðlun og hagnýtingu þjóðfræðilegrar þekkingar. Margvíslegt samstarf við listafólk, fræðimenn og menningarstofnanir er ofarlega á verkefnalistanum, bæði á Ströndum og á landsvísu. Á síðasta ári störfuðu 3 starfsmenn í tveimur og hálfu stöðugildi við setrið auk þess sem nemendur unnu þar sumarstörf og verkefni. Náð samstarf er við námsbraut í þjóðfræði við Háskóla Íslands. Að auki við aðra innlenda fræðimenn, söfn, stofnanir, félagasamtök og þá á setrið í þónokkru erlendu samstarfi. Lesa má nánar um starfsemi setursins í ársskýrslu Stofnunarinnar fyrir árið 2022: https://www.hi.is/sites/default/files/atli/pdf/skyrslur/arsskyrsla_rshi_2022.pdf

Á sviði þjóðfræði liggja heilmörg tækifæri til rannsókna og því styður Stofnun rannsóknasetra HÍ framlagða tillögu um stofnun Miðstöð íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum. Mögulegt væri að fela Rannsóknasetri HÍ á Ströndum umsjón hennar og þannig styrkja enn verkefnið og þá möguleika sem miðstöðin hefði til samstarfs og þróunar verkefna hérlendis sem erlendis.

Á tímum mikilla breytinga í byggða- og atvinnumálum skilar fjárfesting í þekkingar- og rannsóknastarfsemi margvíslegum ábata. Atvinnu- og mannlíf verður fjölbreyttara og möguleikar til að draga að verkefni og styrkjafé aukast. Samfélag eins og Strandir sem skilgreind er sem brothætt byggð býr yfir miklum styrk og á styrkleikum svæða er hægt að sækja fram þar sem nú þegar liggur fyrir þekking, reynsla og árangur hefur náðst á. Þjóðfræðirannsóknir og miðlun er slíkt svið á Ströndum og því hvetur Stofnun rannsóknasetra HÍ Alþingi til að samþykkja þingsályktunartillögu um Miðstöð íslenskrar þjóðtrúar.

Fyrir hönd Stofnunar rannsóknsetra Háskóla Íslands,

Sæunn Stefánsdóttir

Sæunn Stefánsdóttir, forstöðumaður.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Umsögn Vestfjarðastofu um 53. máli á 154. löggjafarþingi, Miðstöð íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum, umsagnarbeiðni nr. 12210

Hólmavík, 10.11.2023

Þjóðtrú lifir með þjóðinni og er stór hluti af því sem gerir okkur að sjálfstæðri þjóð.

Í listum og menningu hvernar þjóðar er það menningarlegur arfur þjóðarinnar sem verður listafólki að yrkisefni, bæði hinn sýnilegi arfur en þó ekki síður hinn ósýnilegi arfur. Þjóð sem rættar þannig sinn menningararf verður ávallt betur sett en sú þjóð sem lætur skeika að sköpuðu og leyfir menningu sinni og þjóðararfi að þynnast út í alþjóðlegum straumum.

Þjóðtrúin er ekki bara hornsteinn fyrir samfélagið heldur er hún endalaus uppspretta viðfangsefna fyrir listafólk í öllum greinum. Hlutfall þeirra ferðamanna sem vilja kynna þjóðlegum arfi fer sífellt hækkandi. Þannig getur þjóðtrúin skipað æ ríkari sess í framþróun menningartengdrar ferðapjónustu. Það er því brýnt að koma á laggirnar miðstöð íslenskrar þjóðtrúar og telur stjórn Vestfjarðastofu Hólmavík vera afar heppileg staðsetningu slíkrar miðstöðvar, enda er þar nú þegar Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofa, og má reikna með því að þessar tvær stofnanir gætu átt öflugt og gefandi samstarf.

f.h. stjórnar Vestfjarðastofu

Skúli Gautason

menningarfulltrúi Vestfjarða